


Persónukjör í sveitarstjórnarkosningum í öðrum norrænum ríkjum



Magnús Karel Hannesson
sviðsstjóri
Samband íslenskra sveitarfélaga

FINNLAND



Kosningarréttur - kjörgengi

- Kosningarréttur sambærilegur og á Íslandi.
- Kjörgengi hafa þeir:
 - sem búa í sveitarfélaginu,
 - sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu og
 - sem hafa ekki verið sviptir lögræði.
- Kjörgengi hafa þó ekki skilgreindir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga:
 - Ekki þeir starfsmenn ríkisins sem hafa eftirlit með sveitarfélögunum.
 - Ekki stjórnendur sveitarfélaga.



Framboð

- Í sveitarstjórnarkosningum er frambjóðendum stillt upp af:
 - skráðum stjórn málaflokkum eða
 - kjósendum sem hafa stofnað „kosningasamtök“.
- Í sveitarstjórnarkosningum þarf að lágmarki 10 kjósendur til þess að stofna „kosningasamtök“ sem geta þá stillt upp frambjóðanda / frambjóðendum.



Framboð

- Tveir eða fleiri flokkar/listar geta myndað kosningabandalag.
- Tvö eða fleiri „kosningasamtök“ geta myndað sameiginlegan framboðslista eða kosningabandalag.
- Flokkur, kosningabandalag eða sameiginlegur framboðslisti mega ekki bjóða fram fleiri einstaklinga en sem nemur 1,5 sinnum þeim fjölda sem kjósa á.



Framboðslistar

- Í sveitarstjórnarkosningum í X-kommun á að kjósa fimm fulltrúa í sveitarstjórn:
 - Guli flokkurinn býður fram 5 einstaklinga;
 - Rauði flokkurinn býður fram 5 einstaklinga;
 - Græni flokkurinn býður fram 4 einstaklinga;
 - Blái flokkurinn býður fram 2 einstaklinga og
 - Grái flokkurinn býður fram 1 einstakling.
- Græni flokkurinn og Grái flokkurinn mynda kosningabandalag.



Framboðslistar

- Frambjóðendum er raðað í stafrófsröð á listana.
- Listunum er raðað samkvæmt útdrætti.
- Fyrsti frambjóðandi á fyrsta lista fær númerið 2, næsti númerið 3 og svo koll af kolli þar til allir frambjóðendur hafa verið númeraðir í samfelldri númeraröð.



Númer frambjóðenda

Gulur	Nr.	Rauður	Nr.	Grænn	Nr.	Blár	Nr.	Grár	Nr.
Björg	2	Ingunn	7	Bára	12	Teitur	16	Eiríkur	18
Halla	3	Jóhann	8	Helga	13	Þórunn	17		
Hannes	4	Lára	9	Karl	14				
María	5	Ólafur	10	Lína	15				
Tómas	6	Pétur	11						



Kjörseðill

- Kjósandi skrifar númer þess frambjóðanda sem hann ætlar að kjósa á kjörseðilinn og ekkert annað.
 - Kjósandinn er jafnframt að greiða atkvæði þeim lista sem frambjóðandinn er á.

<p>Kunnallisvaalit 2008 Kommunalval</p>	<p>N:o</p>
---	------------



Niðurstöður talningar

Gulur	Atkv.	Rauður	Atkv.	Grænn	Atkv.	Blár	Atkv.	Grár	Atkv.
María	20	Jóhann	25	Bára	20	Teitur	25	Eiríkur	22
Björg	15	Lára	10	Helga	7	Þórunn	2		
Hannes	10	Ingunn	5	Karl	3				
Tómas	8	Ólafur	3	Lína	2				
Halla	3	Pétur	2						
Samtals	56	Samtals	45	Samtals	32	Samtals	27	Samtals	22

- Kosningabandalag Grænna og Grárra fær samtals 54 atkvæði.



Úthlutun sæta

Gulur	Atkv.	Rauður	Atkv.	Grænn/ Grár	Atkv.	Blár	Atkv.
María	56	Jóhann	45	Eiríkur	54	Teitur	27
Björg	28	Lára	22,50	Bára	27	Þórunn	13,50
Hannes	18,66	Ingunn	15	Helga	18		
Tómas	14	Ólafur	11,25	Karl	13,50		
Halla	11,20	Pétur	9	Lína	10,80		

- Kjörin voru María (56), Eiríkur (54), Jóhann (45), Björg (28) og kasta þarf hlutkesti milli Báru og Teits (27).



Hverjir voru kosnir?

Nr.	Nafn	Flokkur/listi	Atkvæði	Niðurjöfnun	Aths.
5	María	Gulur	20	56	
18	Eiríkur	Grár	22	54	
8	Jóhann	Rauður	25	45	
2	Björg	Gulur	15	28	
12	Bára	Grønn	20	27	Hlutkesti ræður
16	Teitur	Blár	25	27	Hlutkesti ræður

- Persónuatkvæðin ráða röðun einstaklinga á lista.
- Atkvæði listanna ráða svo fjölda einstaklinga af hverjum lista/kosningabandalagi, skv. d'Hondts-reglunni.



Útgjöld - fjármögnun

- Frambjóðendum er skylt að senda yfirkjörstjórn í sveitarfélaginu upplýsingar um fjármögnun og útgjöld kosningabaráttunnar í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir kjördag á sérstökum eyðublöðum, sbr. lög um upplýsingar um fjármögnun kosningabaráttu frambjóðenda nr. 414 frá 5. maí 2000.



NOREGUR



Kosningarréttur - kjörgengi

- Kosningarréttur sambærilegur á Íslandi.
- Kjörgengi hafa þeir sem:
 - búa í sveitarfélaginu;
 - hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu og
 - eru ekki undanþegnir kjöri í sveitarstjórn eða mega ekki bjóða sig fram.
- Kjörgengi hafa ekki:
 - starfsmenn sveitarfélaga í stjórnunarstöðum;
 - fylkisstjórinn og staðgengill hans og
 - endurskoðendur sveitarfélaganna.



Framboð

- Framboðsfrestur til 31. mars á kosningaári - kosið í september.
- Listar bornir fram af stjórnmalaflokkum eða hópum.
- Á listunum verða að vera að lágmarki 7 frambjóðendur – að hámarki jafnmargir og eiga sæti í sveitarstjórn að viðbættum allt að 6 nöfnum.
- Listar eru raðaðir.



Framboð

- Flokkar eða hópar sem bjóða fram geta gefið efstu frambjóðendum atkvæðaálag sem hæst getur numið 25% af atkvæðum listans.
 - Ef fulltrúar í sveitarstjórn eru:
 - 11-23 = geta allt að 4 frambjóðendur fengið atkvæðaálag,
 - 25-53 = allt að 6;
 - 55 eða fleiri = allt að 10.
- Nöfn þeirra frambjóðenda sem fá atkvæðaálag eru feitletruð á kjörseðlinum.



Í kjörklefanum

- Hver listi hefur sinn kjörseðil og er kjörstjórn skylt að sjá til þess að ætíð séu kjörseðlar í nægjanlegu magni í kjörklefanum ásamt auðum seðlum.



Í kjörklefanum



- Kjósandi velur atkvæðaseðil þess lista sem hann ætlar að kjósa eða auðan seðil ef hann ætlar að skila auðu.
- Atkvæðaseðlarnir eru allir eins að formi til.
- Kjósandi hakar við þann eða þá frambjóðendur sem hann vill veita persónuleg atkvæði.
- Ekki er leyfilegt að strika yfir eða breyta röð frambjóðenda að öðru leyti.
- Kjósandi getur veitt frambjóðendum á öðrum listum persónuleg atkvæði með því að rita nöfn þeirra neðst á atkvæðaseðilinn (no. slengere).
 - Leyfilegt að færa allt að fjórðungi fulltrúafjölda í sveitarstjórn milli lista.
 - Að sama skapi skerðist atkvæði í hlutfalli af fjölda í sveitarstjórn og færast yfir á aðra lista.
 - Ef 13 fulltrúar eru í sveitarstjórn færast 1/13 úr atkvæði yfir á aðra lista fyrir hvert nafn sem ritað er.



Talning atkvæða

- Fulltrúafjöldi hvers lista er fundinn með endurbættri St.-Laguës-reglunni.
 - Deilt með 1,4 – 3 – 5 – 7 o.s.frv.
- Dæmi um persónuatkvæðauppgjör:

Bygdelista

Antall stemmer: 100

Stemmetillegg: 25 % av 100= 25

Kandidatnavn Rekkefølge på listen	Person- stemmer fra velgerne	Stemmetillegg fra partiet	Sum = personlig stemmetall	Kandidatkøring Rekkefølge
1. Anne Arnesen	34	25	59	1. Anne Arnesen
2. Per Paulsen	6	25	31	2. Gunnar Gran
3. Eli Endresen	9	0	9	3. Per Paulsen
4. Gunnar Gran	48	0	48	4. Eli Endresen
5. Hilde Hansen	0	0	0	5. Hilde Hansen



DANMÖRK



Kosningarréttur - kjörgengi

- Kosningarréttur sambærilegur á Íslandi.
- Kjörgengi hafa þeir sem hafa kosningarrétt.
- Þeir sem hafa verið dæmdir eða hlotið sekt fyrir verknað eða háttsemi sem að almenningsáliti gerir þá óverðuga að sitja í sveitarstjórn eru ekki kjörgengir.
 - Menn verða aftur kjörgengir að liðnum 3 árum frá því að hegningu lauk eða sekt greidd. Hafi menn verið dæmdir í fangelsisvist sem er lengri en 6 mánuðir lengist þessi tími í 5 ár.
 - Sérstök kjörgengisnefnd metur kjörgengi.



Framboð

- Framboð eru á vegum stjórn málaflakks, hóps kjósenda (da. lokalliste) eða einstaklings.
- Frambjóðendur eru boðnir fram á framboðslistum (da. kandidatslister) sem að hámarki mega vera með 4 nöfnum umfram þann fjölda sem kjósa á.
 - Framboðslisti getur verið með einu nafni.
- Framboðslistar geta myndað listabandalög og listabandalög geta myndað kosningabandalög og framboðslistar geta myndað kosningabandalög.



Framboðslistar

- Framboðslistar eru annað hvort:
 - raðaðir af flokkunum eða þeim sem bjóða fram (da. partiliste);
 - flokkarnir geta með röðuðum lista haft nokkuð mikil áhrif á það hverjir af frambjóðendum listans hljóta kosningu;
- eða:
 - óraðaðir listar (da. sideordnet opstilling);
 - þá ráða persónuatkvæði eingöngu hverjir hljóta kosningu.
 - Óröðuðum listum hefur fjölgað frá 1985, þegar fyrst var boðið upp á þann möguleika – 1985 = 48%, 2001 = 74% og 2005 = 70%.



Kjörseðill



- Framboðslistum er raðað í stafrófsröð eftir listabókstaf niðureftir kjörseðlinum.
- Kjósandi setur aðeins einn **x** á kjörseðilinn:
 - Annað hvort við lista
 - eða frambjóðanda.
- Atkvæði hvers lista eru samanlögð listaatkvæði og persónuatkvæði.
 - Fulltrúafjöldi er ákveðinn skv. d'Hondts-reglunni fyrir flokk, kosningabandalag og lista í listabandalagi.



Röð frambjóðenda á röðuðum lista

- Í atkvæðatölu listans er deilt með tölu sem er 1 hærrí en sá fulltrúafjöldi sem listinn hefur hlotið. Sú tala sem þá fæst er hækkuð upp í næstu heilu tölu burtséð frá því hvort hún er heil tala eða ekki. Þetta er jöfnunartala listans (Droop's kvota).
- Frambjóðendur sem hafa fengið jafnmörg eða fleiri persónuatkvæði en jöfnunartalan eru kjörnir.
- Frambjóðendur, sem hafa fengið færri persónuatkvæði en jöfnunartalan, eru kjörnir í þeirri röð sem þeir eru á listanum með því að bæta við persónuatkvæðin þeim hluta listaatkvæðanna sem þarf til að þeir nái jöfnunartölunni. Summan af persónuatkvæðum og viðbættum listaatkvæðum er því jöfn jöfnunartölunni. Frambjóðendur sem með þessu ná atkvæðatölu sem er jöfn jöfnunartölunni eru kjörnir.
- Ef enn hefur ekki tekist að úthluta að fullu fulltrúafjölda listans er sætum úthlutað eftir atkvæðafjölda þeirra sem eftir eru. Séu atkvæði manna jöfn er sá kjörinn sem ofar er á listanum.
- Varamönnum er úthlutað sætum í röð eftir atkvæðafjölda hvers og eins.



Dæmi um útreikning

Frambjóðandi nr.	Persónuatkvæði	Listuatkvæði	Samtals	Aðalmenn	Varamenn
Nr. 1	30	45	75	Nr. 1	
Nr. 2	10	65	75	Nr. 2	
Nr. 3	18	57	75	Nr. 3	
Nr. 4	14	5	19		Nr. 3
Nr. 5	17		17		Nr. 4
Nr. 6	7		7		Nr. 6
Nr. 7	79		79	Nr. 4	
Nr. 8	20		20		Nr. 2
Nr. 9	43		43	Nr. 5	
Nr. 10	23		23		Nr. 1
Nr. 11	11		11		Nr. 5
Samtals	272	172	444	5	6
Jöfnunartala:	$=(444/(5+1))+1$		75		



SVÍÐJÓÐ



Kosningarréttur - kjörgengi

- Kosningarréttur sambærilegur og á Íslandi.
- Kjörgengi sambærilegt og á Íslandi.



Framboð

- Framboð eru á vegum flokka (sæ. parti) sem þurfa að hafa samþykktir, stjórn og heiti sem þarf að skrá hjá yfirkjörstjórn.
- Þeir flokkar sem vilja verja sína frambjóðendur verða að skrá þá (sæ. anmäla) hjá yfirkjörstjórn, þ.e. senda inn raðaðan lista.



Í kjörklefanum



- Kjörseðlar liggja frammi fyrir hvern flokk fyrir sig, ýmist með skráðum frambjóðendum eða ekki.
- Kjósandi velur kjörseðil fyrir þann flokk sem hann ætlar að kjósa.
- Kjósandinn getur hakað við þann frambjóðanda sem hann vill helst sjá kjörinn eða skráð nafn ef frambjóðendur eru ekki skráðir.
 - Yfirstrikanir eða aðrar breytingar á listanum hafa enga þýðingu.



Sætaröð

- Frambjóðandi verður að fá a.m.k. 5% af atkvæðum listans til þess að eiga möguleika á því að persónuatkvæði hans gildi við úthlutun sæta og að lágmarki 50 atkvæði.
- Ef fleiri en einn frambjóðandi kemst yfir lágmarkið taka þeir sæti eftir fjölda persónuatkvæða og séu atkvæði jöfn ræður hlutkesti.
- Þeim sætum sem eftir standa er úthlutað eftir svokallaðri „heildartöluaðferð“ (sæ. heltalsmetode).



Dæmi um úthlutun sæta

- Í sveitarfélaginu Valstad hefur Staðarflokkurinn fengið 621 atkvæði og 4 sæti í sveitarstjórninni.
- Kjörseðill flokksins lítur þannig út með persónuatkvæðum innfærðum:

Nr.	Nafn	Persónu- atkvæði	Hlutfall
1	Anna	70	11,27%
2	Niklas	49	7,89%
3	Signe	113	18,19%
4	Adam	18	2,89%
5	Urban	10	1,61%
6	Claes	22	3,54%



Dæmi um úthlutun sæta

Nr.	Nafn	Persónu- atkvæði	Hlutfall
1	Anna	70	11,27%
2	Niklas	49	7,89%
3	Signe	113	18,19%
4	Adam	18	2,89%
5	Urban	10	1,61%
6	Claes	22	3,54%

- Signe og Anna eru kjörin með persónuatkvæðum. Þau hafa náð 5% og 50 atkvæða lágmarkinu.
- Niklas, sem þrátt fyrir að hafa fengið 7,89% af atkvæðum listans, nær ekki persónukjöri vegna þess að hann nær ekki 50 atkvæða lágmarkinu.
- Þá þarf að úthluta þeim tveimur sætum sem eftir standa með „heildartöluaðferðinni“. Horft er framhjá þeim sem þegar hafa fengið sæti og þá stendur nafn Niklas efst á kjörseðlinum. Samanburðartala hans er atkvæðatala listans $621/1 = 621,00$. Þegar horft er framhjá þeim 3 sem nú hafa fengið sæti er nafn Adams efst og samanburðartala hans er $621/2 = 310,50$.
- Kjöri hafa því náð:
 - Signe 113 persónuatkvæði
 - Anna 70 persónuatkvæði
 - Niklas 621,00 samanburðartala
 - Adam 310,50 samanburðartala



Helstu heimildir

- <http://www.vaalit.fi/17245.htm>
- <http://www.regjeringen.no/nb/dep/krd/kampanjer/valg/kommune-styre--og-fylkestingsvalg-2.html?id=538255>
- <http://valg.vfm.dk/valg/kommunalevalg/Sider/Start.aspx>
- www.val.se

